



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sunnufold

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3 Innra mat deilda	7
Tröllheimar	7
Álfheimar	9
Hulduheimar	11
Mánakot	13
Stjörnukeppni	15
4 Innra mat sérkennslu	17
5 Innra mat – fjöltyngd börn	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	19
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	19
7.1 Samstarf við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland	19
7.2 Samstarf við sunddeild Fjölnis	20
8 Foreldrasamvinna	20
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
10 Fylgigögn	23
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	23



Leiðarljós leikskólans

Starfsfólkið er okkar mikilvægasta afl. Með þekkingu sinni, vinnu og viðhorfum skapar það grundvöll fyrir leikskólastarf þar sem foreldrar eru virkjaðir til samstarfs með þátttöku og velferð barnanna að leiðarljósi

Sunnufold er leikskóli þar sem starfið er barnmiðað og góð samskipti skapa vettvang fyrir vináttu og vöxt. Við þjónum fólki af fagmennsku, temjum okkur víðsýni og leitum nýrra leiða þegar þarf. Starfsfólk Sunnufoldar sækir sér faglega þekkingu og úrræði bæði sín á milli og með því að sækja faglega kennslu út fyrir skólann. Við leggjum áherslu á að starfsfólk skoði eigin starfsaðferðir og meti starfið með samstarfsfólki, börnum og foreldrum þar sem velferð barna er í forgrunni og til að skapa samfellu milli heimilis og leikskóla. Með áherslum og sýn allra þátttakanda myndast skólabragur sem er viðurkennandi fyrir alla aðila og eykur öryggi og vellíðan barnanna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2021-2022 hefur verið lærdómsríkt fyrir starfandi leikskólastjóra sem og aðra. Það voru margar áskoranir sem fylgdu nýju starfi en starfsmannahópurinn hefur verið samhentur og staðið vel við bakið á stjórnendum. Mikil veikindi starfsmanna settu vissulega strik í reikninginn eins og á svo mörgum öðrum vinnustöðum í kjölfar heimsfaraldurs Covid 19. Nú horfum við fram á bjartari tíma í þeim skilningi þar sem veikindum starfsmanna hefur fækkað mjög mikið og vonumst við til að hafa náð jafnvægi eftir þessi erfiðu ár.

Leikskólabörnin okkar hafa staðið sig vel þó þau hafa átt sínar viðkvæmu stundir í vetur. Það heyrast falleg leikhljóð frá börnunum af öllum deildum og falleg samskipti í meirihluta þó að börn á leikskólaaldri útkljái auðvitað stundum sína árekstra með handasvipingum eða hrópum þar til þau hafa lært að nýta sér tungumálið til rökræðu við félagana. Foreldrar þeirra og forsjáraðilar hafa einnig verið sérstaklega ljúf í viðmóti og tekið vel þegar hefur þurft að breyta skólastarfinu vegna Covid, loka fyrr á daginn vegna veikinda eða breyta bílastæðinu í Frosta. Ásamt framlögum þeirra sem sitja í foreldrafélaginu og foreldraráðinu sem eru svo dýrmæt. Það hefur skipt sköpum fyrir stjórnendum og starfsmenn leikskólans að finna vinsemd í öllum samskiptum bæði við foreldra og börn.

Bílastæðið í Frosta var endurnýjað og átti það að gerast í tveimur hlutum. Sá fyrri fór fram í vetur sem bætti umferðaflæði um bílastæðið og síðari hluti fer fram núna í sumar þar sem tré verða fjarlægð af bílastæðinu, snjóbræðslan verður endurnýjuð, aðgengi fyrir hreyfihamlaða lagfært og sett upp hjólaskýli.



Einhver endurnýjun verður í starfsmannahópnum í haust í báðum húsum. Tveir starfsmenn eru á leið í barnseignarleyfi, einn hættir störfum sökum aldurs og tveir aðrir að færa sig til í starfi. Við hlökkum til að bjóða nýja félagar velkomna í Sunnufoldarhópinn og halda áfram því góða starfi sem regla er á.

Áfram verður unnið með lykilhugtök leikskólans sem eru hamingja, málrækt, leikur, sjálfræði og heilbrigði. Einnig verður áfram unnið að þróunarverkefni með blómaskólunum Engjaborg, Funaborg og Hólaborg sem við höfum verið í samstarfi með í nokkur ár. Að auki erum við að taka þátt í Erasmus verkefni með þeim skólum.

Lykilhugtökin ramma inn leikskólastarfið en starfskenning hvers deildarstjóra fær að njóta sín og því er ekki farið sömu leið að markmiðum lykilhugtakanna á öllum deildum en það er unnið að sömu markmiðum. Þannig ávöxtum við hæfni hvers starfsmanns.

Við erum spennt að hefja nýtt skólaár með okkar góða starfsfólki, frábærum börnum og nýjum félögum í barna og starfsmannahópinn. Hvort sem það er starfsfólk, foreldrar eða börn erum við þakklát fyrir heilinda sem skapast í leikskólasamfélaginu okkar í Sunnufold.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Innra matið fór fram á starfsdögum í apríl og maí. Það sem var metið yfir allan starfsmannahópinn eða hvort hús fyrir sig var rætt á stórum fundum. Endurmat deildanna fór fram á deildarfundum á starfsdegi.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stytting vinnuvikunnar	Á starfsdegi	Allir starfsmenn	Endurskipuleggja þurfi framkvæmd töku styttingar
Þróunarverkefni með Engjaborg, Funaborg og Hólaborg	Á starfsdegi	Allri starfsmenn	Þróunarverkefni þarf að fá meiri tíma til þess að ávinningur skili sér til starfsfólks
Tímabil lykilhugtaka	Á starfsdegi	Deildastjórar	Gera þarf lykilhugtökin sýnilegri í starfinu
Læsi á öllum deildum	Á starfsdegi	Deildastjórar	Dagatölin og söng- og lestarstundir koma vel út.
Kaffistofa í Frosta	Á starfsdegi	Starfsmenn í Frosta	Færa aftur kaffistofuna

Stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnuvikunnar var innleidd í vinnutíma starfsmanna Sunnufoldar í janúar- mars 2021. Kosið var um hversu mikla styttingu fólk vildi og niðurstaðan leiddi til þess að í Sunnufold vinnum við eftir 36 klukkustunda vinnuviku miðað við fullt starf.

Á þessum tíma höfum við lært mikið og séð. Þá sérstaklega að það þurfi að dreifa jafnar á daginn hvenær stytting er tekin. Það virkar ekki vel í starfssemi leikskóla að allir starfsmenn séu í styttingu eftir hádegi þar sem börnum fækkar ekki á þeim tíma. Vinnutímar hafa verið endurskoðaðir og tekin hefur verið sameiginleg ákvörðun um það að starfsmenn fari í styttingu aðra hverja viku og taki þá



heilan dag í einu miðað við starfshlutfall. Með þessu vonumst við eftir meiri stöðuleika í starfmannahópnum inni á deild og að starfsmenn fái meiri hvíld í sinni styttingu.

Þróunarverkefni

Sunnufold hefur tekið þátt í þróunarverkefni sem felst í sjálfsefningu starfsmanna og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi leikskólastarfi. Þróunarverkefnið er unnið í samstarfi við Engjaborg, Funaborg, Hólaborg og dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur sem er aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Skipulagðir voru sameiginlegir fundir þar sem deildstjórar áttu að hittast og fara yfir viðfangsefnin. Deildastjórar áttu svo að sjá um að miðla áfram því sem fram kom á fundunum með starfsfólki sinnar deildar. Vegna Covid-19 var ekki hægt að hittast stærsta hluta tímabilsins og fóru því fundir fram á Teams. Þó náðust tveir fundir í lokin og góður uppskerufundur þar sem allir komu saman og fóru yfir hvernig til hefði tekist.

Tímabil lykilhugtaka

Lykilhugtökin og vinna með þau eru sífellt í endurskoðun. Við höldum áfram að vinna með það hvernig við getum unnið með lykilhugtökin og hvernig við getum gert þá vinnu sýnilega og áþreifanlega. Þau ramma inn starfið á öllum deildum.

Læsi á öllum deildum

Í leikskólum er unnið í takt við Lesið í leik sem er læsisstefnu leikskóla. Við ræktum mál barnanna með því að hlusta á þau og tala við þau. Hugað er að því í námsumhverfi barnanna að bókstafir og orð séu sýnileg. Þannig eiga leikföng sinn stað í hillum sem eiga að vera merktar með mynd og orðum. Upplýsingar eru hengdar í hæð barnanna og þá er helst að nefna mánaðardagatölin okkar sem hanga á veggjum fyrir framan hverja deild og sýna viðburði svo sem afmælisbörn mánaðarins, ef einhver ferð er á döfinni, litadagar í leikskólanum og fleira. Börnin skoða mjög gjarnan dagatölin hvort sem þau eru ein, með félögum, foreldrum eða kennurum. Þannig læra þau á lesáttina sem er frá vinstri til hægri og átta sig með auknum þroska á hvernig dagarnir líða. Lestur og söngur er stór hluti af leikskólastarfi. Lesið er fyrir öll börn á öllum deildum að minnsta kosti einu sinni á dag. Fyrir þau allra yngstu er byrjað á myndabókum þar sem myndirnar eru lesnar og svo bætist við texti eftir því sem líður á leikskólaárin þar til á síðustu önninni þar sem þau ættu að geta hlustað á einfaldar framhaldssögur.

Ytra mat

Ytra mat var ekki framkvæmt.

3 Innra mat deilda

Tröllheimar

Tröllheimar voru teknir í notkun sem elsta deild haustið 2021. Á Tröllheimum í vetur voru 20 börn fædd 2016-2017 og eftir áramót bættust við fjögur börn fædd 2018. Það hefur reynst vel að hafa elstu börnin á Tröllheimum þar sem það er stærsta deildin í Frosta og með flest herbergi sem gefur tækifæri til þess að skipta upp barnahópnum í minni hópa. Einnig hefur það komið vel út að elstu börnin séu með sér fataklefa sem gefur ákveðið næði.

Starfið á Tröllheimum í vetur gekk vel. Vissulega einkenndist haustið enn af ástandi kórónuveirunnar en þegar hér var komið í faraldrinum voru starfsmenn orðið nokkuð klárir í því að takast á við ástandið. Þó var ekki hægt að fara í ferðir eða heimsóknir fyrir áramót. Samt sem áður náðist að fara í heimsókn í Árbæjarsafnið fyrir jólin og svo Borgarleikhúsið, Húsdýragarðinn, í textíltíma og íþróttir í Foldaskóla og heimsókn í frístundaheimilið í Foldaskóla sem heitir Regnbogaland, og á bókasafnið í Foldaskóla eftir áramót. Svo kom sögubílinn Æringi í heimsókn til okkar. Útivera er stór þáttur í starfinu, hvort sem það er úti í garði eða að fara í gönguferðir í nærumhverfinu. Farið er út að minnsta kosti einu sinni á dag. Seinni útiveran er oft þannig að þeir sem vilja fá að fara út en hinir fá að vera inni í meira næði þegar börnum. Þannig fá allir að njóta sín.

Unnið var með læsi á deildinni. Lubbi finnur málbein var hluti af starfinu, þar sem börnin læra málhljóðin og syngja lög sem tengjast hverju hljóði fyrir sig. Stafirnir voru sýnilegir á deildinni. Málörvun fór fram í daglegu starfi með samtali við börnin, í matartímum, fataklefa og í öllum stundum dagsins, í söngstundum og sögustundum sem voru daglega á dagskrá.

Vinátta, lýðræði og sjálfræði voru þættir sem lagðir voru áhersla á í vetur. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að allir eigi féлага og að allir séu hluti að samfélaginu sem deildin er. Að hafa áhrif á hlutina og taka sameiginlegar ákvarðanir sem hópur.

Næsta vetur munum við halda áfram á sömu braut. Vinátta, lýðræði og sjálfræði verða áfram þeir þættir sem lagðir verða áherslu á til þess að skapa góðan deildarbrag og jákvætt andrúmsloft. Læsi og málörvun eru alltaf stór þáttur í starfinu þar sem við munum halda áfram að vinna með Lubba ásamt lestri og söng. Við ætlum að vinna með námsumhverfið þar sem við munum leggja upp með að bæta aðgengi barnanna að leikefni. Með því að merkja betur leikefnið og skipuleggja það og þannig gera börnin sjálfstæðari í leik sínum með greiðari aðgang að leikefni. Einnig munum við halda áfram að vinna með námsáætlun þar sem markmiðið er að nýta hana betur og að allir starfsmenn nýti sér hana.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsumhverfi og aðgengi barna að efnivið	Að námsumhverfið verði aðgengilegt og vel merkt fyrir börnin.	Gæta þess að uppfæra merkingar fyrir leikefni og hafa það aðgengilegt í hæð barnanna	Allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hvernig börnin bregðast við og hvort það myndist flæði	Að börn uni sér vel í leik
Vinna með námsáætlun	Virkja betur í starfi og vera meira meðvituð um hana	Hafa hana aðgengilega fyrir alla og deildarstjóri setur plan sem starfsmenn framfylgja	Deildarstjóri / allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hverju sinni hvernig gengur að fylgja henni og skrá hvernig hvert tímabil gengu	Að starfsmenn séu vel meðvitaðir um námsáætlun



Álfheimar

Haustið 2021 tóku Álfheimar til starfa sem miðdeild. Á deildinni voru 17 börn fædd 2018-2019. Það var smá áskorun að venjast nýrri deild með barnahópum og venjast því að gangurinn fer í gegnum deildina. En starfið í vetur gekk samt sem áður vel. Covid setti sinn svip á starfið fyrir áramót en á þeim tímapunkti voru flestir farnir að venjast því að kórónuveiran var hluti af lífinu.

Í vetur var mikið unnið með sköpun á Álfheimum. Börnin fengu mörg tækifæri til þess að tjá sig í gegnum listsköpun við hin ýmsu tækifæri, árstíðarbundið eða við hina ýmsu tyllidaga í leikskólanum svo sem litadaga og þess háttar. Börnin á Álfheimum hafa gaman af því að fá að skapa, hvort sem það er að mála, lita, klippa eða líma.

Samverustundir spila stóran sess í deildarstarfinu á Álfheimum. Þar fer fram mikil málörvun og hafa börnin gaman af þeim. Þar er mikið sungið og hafa börnin gaman af því að syngja. Tekin eru fyrir mikið að lögum og eru þau dugleg að læra þau. Einnig er oft farið í málörvunarleiki, það eru sagðar sögur, lesnar loðtöflusögur og bækur. Samverustundir eru allt að þrisvar sinnum á dag, svona eftir því hvernig dagsformið er hverju sinni og þá ýmist allur hópurinn saman eða skipt í minni hópa.

Útivera er alltaf stór hluti af leikskólastarfinu. Börnin á Álfheimum njóta sín vel í útiveru og finnst mjög gaman að fara út í garð að leika. Miðað er við að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag og oftast ef veður er gott.

Eins og fram kom áðan var svolítil áskorun að vera á nýrri deild. Á Álfheimum fer gangur í gegnum deildina og það vill oft verða að börnin rölti fram á gang. Það var því verkefni fyrir starfsmennina að reyna að gera umhverfið inni á deildinni aðlaðandi og skemmtilegt þannig að börnin leituðu þangað frekar og festust í góðum leik. Því var umhverfið endurskipulagt nokkrum sinnum til þess að mæta þörfum barnanna í leiknum og til þess að brjóta upp þetta munstur að fara alltaf fram. Í vetur voru settar upp hljóðvistaplötur á Álfheimum sem er til mikilla bóta fyrir hljóðvistina á deildinni.

Næsta vetur verður áfram unnið að því að gera umhverfið á deildinni sem best fyrir leik barnanna. Málörvun mun áfram eiga sér stað í samverustundum og útivera verður áfram eins mikil og við getum. Einnig munum við stefna að því að halda áfram að vinna að betri samvinnu við Hulduheima þannig að rýmið í leikskólanum og tími starfsfólks nýtist sem best eins og til dæmis þegar hvíld á sér stað og fleira.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsumhverfi og aðgengi barna að efnivið	Að námsumhverfið sé einfalt, en skýrt fyrir börnin og til þess fallið að börnin nái flæði í leik sínunum.	Merkja með myndum og stöfum og hafa aðgengilegt í hæð barnanna	Allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hvernig börnin bregðast við og hvort það myndist flæði	Að börn uni sér vel í leik og nái flæði í hugsunum í leik og starfi.
Samvinna á yngrigangi í Frosta	Að börnin fái tækifæri til þess að kynnast starfsfólki og börnum af öðrum deildum	Þjóða upp á heimsóknir	Allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hvernig gengu á deildarfundum	Að allir fái tækifæri til þess að fara í heimsókn milli deilda



Hulduheimar

Hulduheimar varð yngstu barna deild í haust en hafði áður verið miðdeild. Á deildinni í vetur voru 15 börn fædd 2020 og 2021. Þeim fjölgaði svo í 16 í vor. Það hefur reynst vel að hafa yngstu börnin á Hulduheimum, það er minna rými sem heldur betur utan um barnahópinn en hefur samt sem áður möguleikann að skipta hópnum á milli rýma.

Eins og gefur að skilja setti kórónuveiran sinn svip á leikskólastarfið fyrri hluta þessa skólaárs. En samt sem áður hefur starfið á Hulduheimum gengið vel. Í upphafi skólaárs var aðalega lögð áhersla á það að læra að vera í leikskóla og aðlögunartímabilið er helgað hamingjunni. Að börnin fái að aðlagast lífinu í leikskólanum eftir því sem þau þurfa á að halda. Sum þurfa mikið að vera í fangi, önnur fara strax af stað í leik. Börnin læra að vera saman í hóp, þau læra að fara í samveru og taka þátt og hlusta. Svo læra þau einnig taktinn í deildarstarfinu. Þau eru fljót að átta sig á því að oftast er farið út þegar það er búið að borða ávexti á morgnanna og það er hvíld eftir hádegismat.

Myndlist og sköpun var stór þáttur í deildarstarfinu í vetur. Börnin fengu að spreyta sig á því að mála, bæði með penslum og höndum, klippa, líma og lita. Þau höfðu mjög gaman af því og ef það var verið að vinna ákveðin verkefni biðu þau flest spennt eftir því að röðin kom að þeim. Verkefni voru oft unnin í takt við árstíðir, hátíðir og aðra tyllidaga í leikskólanum eins og til dæmis litadaga.

Málörvun fór fram í daglegu starfi inni á deild, í samræðum við matarborðið og í fataklefanum, í leik og í samverustundum. Í samverustundum lærðu börnin sígild leikskólalög, það var sungið mikið af hreyfilögum sem yngstu börnunum þykja skemmtileg þeim þótti gaman að taka þátt og nafnalög voru mjög vinsæl en í þeim lögum eru nöfn barnanna í hópnum sungin. Börnin höfðu daglegan aðgang að bókum og skoðuðu myndir mikið. Þegar líða fór á skólaárið var bætt inn lestarstundum þar bækur voru lesnar fyrir börnin. Valin var bók vikunnar sem var lesin nokkrum sinnum þar sem endurtekning er svo mikilvæg í málörvun.

Frjáls leikur er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Á Hulduheimum fengu börnin nægan tíma og rými til þess að leika sér. Mikil þróun varð á leiknum hjá börnunum, í upphafi skólaárs voru börnin aðalega í samhliða leik en þegar fór að líða á fór maður að sjá meira og meira af samskiptum í leiknum hjá börnunum.

Næsta skólaár verður mikil endurnýjun á barnahópnum og aðeins þau yngstu sem verða eftir á deildinni. Því verður starfið á deildinni með sama sniði, þar sem áhersla verður lögð á það að læra á leikskólalífið, ásamt málörvun, frjálsum leiks og myndsköpun. Einnig munum við leggja áherslu á að stuðla að meiri samvinnu á yngri gangi.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsumhverfi og aðgengi barna að efnivið	Börnin læri betur á námsumhverfið og fá betri tækifæri til þess að detta í flæði	Merkja með myndum og stöfum og hafa aðgengilegt í hæð barnanna	Allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hvernig börnin bregðast við og hvort það myndist flæði	Að börn uni sér betur í leik
Samvinna á yngrigangi í Frosta	Að börnin fái tækifæri til þess að kynnast starfsfólki og börnum af öðrum deildum	Þjóða upp á heimsóknir	Allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hvernig gengu á deildarfundum	Að allir fái tækifæri til þess að fara í heimsókn milli deilda



Mánakot

Á Mánakoti voru 24 börn fædd 2016 og 2017. Það sem hefur einkennt starfið í vetur er fjöldi elstu barnanna. Þau eru 19 af 24 og af þeim sökum hefur starfið verið mikið hugsað út frá því og hin 5 hafa notið þess. Upphaf skólaársins einkenndist af heimsfaraldri og setti það sinn strik í reikninginn en reyndu stafs menn deildarinnar eftir fremsta megni að halda eðlilegu starfi í leikskólanum.

Í vetur voru söngelsk börn á Mánakoti og því var mikið sungið. Það voru alltaf sönglög mánaðarins og sömu 10 - 15 löggin sungin. Því lærðu þau mörg lög og lærðu þau vel. Börnin taka mjög vel undir í söngnum og voru þau eins og flottasti kór. Samverustundir voru tvisvar á dag. Í þeim var sungið, þar var líka unnið með Lubbi finnur málbein þar sem börnin læra stafina og hljóðin þeirra. Einnig var stundum farið í leiki og annað skemmtilegt. Í samveru fyrir hádegi var alltaf einn veðurfræðingur sem fór yfir veður dagsins fyrir útiveru. Málörvun á sér stað í samverustundun ásamt öðrum stundum dagsins eins og við matarborðið og í fataklefanum og leik og starfi.

Leikurinn er aðal námsleið barna og því er mikilvægt að börn fái tíma og rými til þess að leika sér. Frjáls leikur var rauður þráður í starfinu á Mánakoti þar sem börnin fengu tækifæri til þess að þróa sinn leik í samskiptum við hvort annað ásamt því að æfa samskipti sín við félagana sína. Með þessu voru vinátta, lýðræði og sjálfræði höfð að leiðarljósi og mikilvægi þess að allir áttu félagana og voru hluti af hópnum. Sameiginlegar ákvarðanir voru teknar og umræða um það hvernig börnin vildu að leikskólinn þeirra væri.

Útivera var að minnsta kosti einu sinni á dag og oftast ef það var veður til þess. Börnin voru ánægð í útiveru og höfðu gaman af því að leika sér í garðinum eða fara í gönguferðir um nærumhverfið.

Ekki voru farnar ferðir fyrir áramót, fyrir utan ferð í Árbæjarsafnið um jólaleytið. Eftir áramót var farið í Borgarleikhúsið, Húsdýragarðinn, í textíl og íþróttir í Foldaskóla og heimsókn í Regnbogaland og svo kom sögubílinn Æringi í heimsókn til okkar.

Næsta vetur verður mikil endurnýjun á barnahópnum þar sem meiri hlutinn af börnunum er að fara að byrja í grunnskóla. Við stefnum að því að vinna á sama hátt, með leik sem rauða þráðinn og mikilvægi vináttu. Jákvætt samfélag á deildinni er mikilvægt til þess að börn blómstri og að allir finni að þeir séu hluti að heildinni sem deildin er.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsumhverfi og aðgengi barna að efnivið	Börnin læri betur á námsumhverfið og fá betri tækifæri til þess að detta í flæði	Merkja með myndum og stöfum og hafa aðgengilegt í hæð barnanna	Allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hvernig börnin bregðast við og hvort það myndist flæði	Að börn uni sér betur í leik
Vinna með námsáætlun	Virkja betur í starfi og vera meira meðvituð um hana	Hafa hana aðgengilega fyrir alla og setja niður vikuplan til þess að fara eftir	Deildastjóri / allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hverju sinni hvernig gengur að fylgja henni og skrá hvernig hvert tímabil gengu	Að það nái að klára það sem liggur fyrir



Stjörnukot

Í vetur voru 18 börn fædd 2018-2019 á Stjörnukoti. Starfið gekk vel í vetur þrátt fyrir að fyrri hluta árs hafi kórónuveiran verið að leika okkur grátt. Við náðum þó að halda upp skemmtilegu og fjölbreyttu leikskólastarfi á Stjörnukoti.

Dagurinn á Stjörnukoti var yfirleitt settur upp á sama hátt. Við byrjuðum á því að koma öll saman í samveru klukkan 9:00 þar sem farið var yfir daginn, hvernig veðrið var og hvaða föt væri best að klæða sig í fyrir útiveru og svo var sungið. Eftir það var börnunum skipt upp í hópa. Börnunum var skipt í minni hópa, þannig að þau fengu að njóta sín í leik og starfi. Þar fengust þau við mismunandi verkefni allt frá frjálsum leik til hreyfingar og sköpunar.

Útivera var að minnsta kosti einu sinni á dag. Yfirleitt var farið út á morgnana þannig að öll börn hefðu tækifæri til þess að fara út og þau börn sem leggja sig í hádeginu misstu ekki af. Það var farið oftár út ef verður var gott. Börnin nutu sín vel í útiveru og höfðu gaman af því að leika sér úti.

Samvera var svo bæði fyrir hádegi og fyrir kaffitíma. Þá var börnunum skipt í tvo hópa. Þá var sungið og farið í ýmsa málörvunarleiki. Lögð var áhersla á að börnin þekktu stafinn sinn og fengu áttu öll börn spjöld með mynd af sér öðru megin og stafnum hinumegin. Með þessum spjöldum var farið í allskonar leiki.

Á Stjörnukoti var skapað mikið og höfðu börnin gaman af því að mála, lita, klippa og líma. Þar voru nýtt hin ýmsu tækifæri að leyfa sköpunarkrafti barnanna að fá að njóta sín.

Á næsta skólaári er stefnt að því að vinna á sama hátt. Það hefur reynst vel að skipta börnunum í minni hópa. Þá skapast meiri ró og börnin fá meiri rými til þess að þróa leikinn, ná hugarflæði og blómstra. Einnig hefur starfsfólk þá meiri yfirsýn yfir þann hóp sem hann er með og getur betur fylgst með hverju og einu barni. Útivera, málörvun, sköpun, bókalestur og almenn gleði verður áfram á sínum stað og verður fléttað inn í starfið.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsumhverfi og aðgengi barna að efnivið	Börnin læri betur á námsumhverfið og fá betri tækifæri til þess að detta í flæði	Merkja með myndum og stöfum og hafa aðgengilegt í hæð barnanna	Allir starfsmenn	Vor 2022	Vor 2023	Meta hvernig börnin bregðast við og hvort það myndist flæði	Að börn uni sér betur í leik



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Mánaðarskráningar eru notaðar á öllum deildum til þess að fylgjast með málum allra barna. Listar eru inná deildum þar sem sérinngrip eru skráð, s.s. lestur, gefðu 10 og fl. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til þess að ná til þarfa hvers og eins frá því að stuðningur fari fram inná deild í deildarstarfinu alveg yfir í mikla einstaklingskennslu. Sérkennslan er fléttuð inn í daglegt leikskólastarf. Einstaklingskennsla er skráð eftir hverja stund og þannig fylgst með framförum hjá hverju barni.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS, Hljóm 2, Efi 2, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Fjölbreytt námsgögn, s.s. bækur, spil, námsgögn af netsíðunni Fjölbreyttar kennsluáðferðir og fleiri netsíðum, öpp í spjaldtölvum eins og Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og Bitsboard.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Áhersla lögð á að viðhalda árangri í gegnum komandi starfsmanna-breytingar	Nýta tækifæri sem myndast í breytinga-ferli	Halda reglulega fundi með deildarstjórum, stuðningsaðilum og yfirstjórn	Sérkennslustjóra	Ágúst 22	Júlí 23	Á fundum með stjórnendum og stuðningsfólki	Að samþætting sérkennslu og annars leikskólastarfs viðhaldist



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað í laun starfsmanna á deild, einnig námskeið sem auka þekkingu starfsmanna á áskorunum fjöltyngdra barna/fjölskyldna
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Daglegur lestur, Gefðu 10, spjall, spil, bókin mín (lykilhugtök), setja orða á athafnir og „baða“ börnin í orðum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já. Orðaspjall í lestri, Orð í tösku er lítillaga notað, Markviss málörvun, Listi frá miðju máls og læsis.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já, á deildum er fylgst með framförum allra barnanna og skráð reglulega. Auk þess fylgist sérkennslustjóri með og hlustar á málnotkun barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markviss málörvun fjöltyngdra barna	Fjölga tækifærum fjöltyngdra barna í námsumhverfi leikskólans	Búa til fámenna málörvunarhópa innan deilda sem hittast tvisvar til þrisvar í viku.	Deildarstjórar og sérkennslustjóra	Haust 2021	Lýkur aldrei	Endurmat á starfsdögum	



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vormánuðum. Samtölin voru svokölluð snerpusamtöl þar sem starfsmenn ræddu líðan og óskir við leikskólastjóra. Stefnt er að því að hafa sama háttinn á á næsta ári ásamt því að starfsmenn taki þátt í starfsmannakönnun,

Á þessu skólaári fengum við fræðslu á starfsdegi um raddbeitingu frá Ingvaldi Ýr Jónsdóttur söngkonu og söngkennara enda röddin mikilvægt verkfæri leikskólakennara. Því er nauðsynlegt að hafa þekkingu á raddbeitingu og varðveislu raddarinnar. Sunnufold tók þátt í þróunarverkefninu *Þátttaka barna í leikskólastarfi*, sem er samstarfsverkefni leikskólanna Engjaborgar, Funaborgar, Hólaborgar og Sunnufoldar og Háskóla Íslands sem snýr að því að þróa hlutverk kennara og annars starfsfólks í að stuðla að leik sem megin námsleið barna. Í gegnum það fengum við margvíslega fræðslu frá Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur þar á meðal var einn skipulagsdagur tileinkaður þróunarverkefninu og fór fram með fjarfyrirlestrum og kynningum allra leikskólanna fjögurra en fundarstjóri var Anna Magnea. Á næsta skólaári er stefnt að því að halda áfram vinnu í þróunarverkefninu og hafa leikskólarnir hlotið styrk frá Reykjavíkurborg. Einnig hafa þessir sömu leikskólar fengið styrk frá Erasmus fyrir ferðum erlendis á ráðstefnur og námskeið. Stefnt er á að senda starfsmenn út á þessi námskeið næsta vetur. Námsferð erlendis er líka fyrirhuguð með öllum starfsmönnum vorið 2023.

Einn starfsmaður lauk kennaranámi við Háskóla Íslands og fékk leyfisbréf sem kennari. Einn starfsmaður kláraði fyrsta árið í meistaranámi í leikskólakennarafræðum og einn starfsmaður kláraði fyrsta árið í grunnnámi í leikskólakennarafræðum. Einn starfsmaður stundar meistaranám í Tólmundar og félagsmálafræði. Einn starfsmaður fór á námskeið um Tras og annað um Starf sérkennslustjóra hjá Endurmenntun háskóla Íslands. Fjórir starfsmenn fóru á námskeiðið Náttúruleg kennsla hjá þjónustumiðstöð hverfisins. Einn starfsmaður fór á Vorráðstefnu Ráðgjafa og greiningastöðvar og hlustaði á fyrirlestra á netinu hjá ADHD samtökunum.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

7.1 Samstarf við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland

Samstarf við Foldaskóla var á áætlun eins og fyrri ár en Covid setti strik í reikninginn í upphafi skólaárs. Deildarstjórar á elstu deildum reyndu sitt besta til að sinna samstarfi við Foldaskóla og Regnbogaland. Að einhverju leyti gekk það upp. Börnin fengu öll að fara í íþróttatíma og textíltíma í Foldaskóla. Samstarf verður áfram við Foldaskóla eins og verið hefur og verður áfram næsta skólaár vonandi við eðlilegri aðstæður. Það hefst á Degi íslenskar tungu þann 16. nóvember með því að 5. bekkur kemur í heimsókn á eldri deildir þar sem þau lesa fyrir leikskólabörnin. Síðan hafa elstu börnin

farið í reglulegar heimsóknir yfir veturinn í Foldaskóla þar sem þau fá að taka þátt með fyrsta bekk í smíðatíma, íþróttatíma auk heimsóknar á skólabókasafnið.

Sunnufold er einnig í samstarfi við Frístundaheimilið Regnbogaland í Foldaskóla en vanalega hafa börnin úr Sunnufold fengið að fara í heimsóknir reglulega yfir veturinn. Það náðist þó ekki nema ein heimsókn í vetur en við vonumst til þess að taka upp þráðinn aftur á næsta skólaári. Við reiknum með að snúa aftur að því skipulagi sem var fyrir Covid-19 í samstarfi við skólann og frístundaheimilið.

7.2 Samstarf við sunddeild Fjölnis

Frá árinu 2015 hafa hefur Sunnufold verið í samstarfi við Sunddeild Íþróttafélagsins Fjölnis. Það felst í því að elstu börnin fara á sundnámskeið sem stendur í 8-9 daga í júní þegar grunnskólar hafa lokið sínu sundnámi. Þá fylgja starfsmenn Sunnufoldar börnunum gangandi út í Grafarvogslaug og aðstoða þau við að læra á fataklefan og sturtuklefan. Þegar komið er út í laug tekur sundþjálfari við þeim og þau fá grunnkennslu í sundi. Þetta hefur gefist afar vel, börnin hafa verið glöð að fara og afraksturinn sést síðan að þau eru öruggari með sig í fataklefum bæði íþrótt og sunds þegar þau fara í skólaíþróttirnar í fyrsta bekk á næsta skólastigi. Einnig æfast þau í að fara eftir fyrir mælum þjálfara.

8 Foreldrasamvinna

Góð samvinna og samskipti við foreldra og heimili barna er lykill að farsælli leikskólagöngu, því leggjum við í Sunnufold mikla áherslu á gott foreldrasamstarf. Þessi samvinna er sterkur grunnur að því að barninu takist að nýta þau námstækifæri sem leikskólinn býður.

- 13. september kl: 19:30 verður foreldrafundur í Frosta og 15. september kl 19:30 verður foreldrafundur í Loga. Foreldrar mæta og farið verður yfir næsta skólaár. Einnig fá þeir tækifæri til þess að setja niður með deildarstjóra síns barns og farið verður yfir deildarstarfið og foreldrar geta spurt spurninga. Tekið verður við framboðum í foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrar eru hvattir til þess að mæta.
- Foreldraráð leikskólans skipa einn fulltrúi foreldra af hverri deild. Kosið er á foreldrafundi haustsins. Hver fulltrúi situr í tvö ár. Fulltrúar úr starfsmannahópnum funda með ráðinu ásamt leikskólastjóra og hefur umsögn um starfið í leikskólanum. Fundir eru 6-7 yfir skólaárið.
- Foreldrafélög hafa verið starfandi við báðar starfstöðvar en við hugum að því að hafa eitt félag til að tryggja að börnin í Sunnufold fái jafnari tilboð um framlag foreldra til leikskólastarfsins auk samvinnu við t.d. pöntun á ljósmyndara og þess háttar.



- Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar sinnum á ári. Foreldrum er ávallt velkomið að hafa samband við deildarstjóra hvort sem það er í daglegum samskiptum, símtali eða tölvupósti.
- Að auki eru foreldrar elstu barna boðaðir í samtal vegna niðurstaðna úr Hljóm-2 prófinu sem athugar stöðu hljóðkerfisvitundar barnanna á síðasta leikskóla árinu. Auk þess sem foreldrum barna á fjórða ári eru kynntar niðurstöður úr málþroskaskimuninni Efi-2.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2022-2023 verða:

- 7. október 2022
- 25. nóvember 2022
- 6. febrúar 2023
- 19. apríl 2023
- 21. apríl 2023
- 10. maí 2023

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: _____

Sunnufold

ÁÐUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. M. Frídagur, upptökuferi	1. L	1. L	1. Þ	1. F. Félagsdagurinn	1. S. Nýársdagur	1. M	1. M	1. L	1. M. Vetrarfrídagurinn	1. F	1. L
2. Þ	2. S	2. S	2. M	2. F	2. M	2. F	2. F	2. S. Þrúnaumsdagur	2. Þ	2. F	2. S
3. M	3. L	3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. F	3. M	3. M	3. L	3. M
4. F	4. S	4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. L	4. L	4. Þ	4. F	4. S. Skírnardagurinn	4. Þ
5. Þ	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M	5. M
6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. Þ	6. F. Þrúnaumsdagurinn	6. M. Miklagsgættur / Dagurinn	6. M	6. F. Skírnardagur	6. L	6. Þ	6. F
7. S	7. M	7. F. Skírnardagurinn	7. M. Þrúnaumsdagurinn	7. M	7. L	7. Þ. Dagurinn / Þrúnaumsdagurinn	7. Þ	7. F. Félagsdagurinn / Þrúnaumsdagurinn	7. S	7. M	7. F
8. M	8. F. Dagurinn	8. L	8. Þ. Þrúnaumsdagurinn	8. F	8. S	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. L
9. Þ. Leikskóli opnar	9. S	9. Þ. Miklagsgættur	9. M	9. F	9. M	9. F	9. F	9. S. Þrúnaumsdagurinn	9. Þ	9. F	9. S
10. L	10. M	10. L	10. Þ	10. S	10. Þ	10. F	10. F	10. M. Miklagsgættur / Þrúnaumsdagurinn	10. M	10. L	10. M
11. F	11. S	11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. L	11. L	11. Þ	11. F	11. S	11. Þ
12. Þ	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. S	12. S	12. M	12. F	12. M	12. M
13. L	13. Þ. Þrúnaumsdagurinn	13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. M	13. M	13. L	13. L	13. Þ	13. F
14. S	14. M	14. F	14. M	14. M	14. L	14. Þ	14. Þ	14. S	14. S	14. M	14. F
15. M	15. F	15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. L
16. Þ	16. F. Dagurinn / Miklagsgættur	16. S	16. M	16. F	16. M	16. L	16. F	16. S	16. Þ	16. F	16. S
17. M	17. L	17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. F	17. M	17. M	17. L. Þrúnaumsdagurinn	17. M
18. F	18. S	18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. L	18. L	18. F. Þrúnaumsdagurinn	18. F	18. S	18. Þ
19. Þ	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F	19. S	19. S	19. M. Miklagsgættur / Þrúnaumsdagurinn	19. M	19. L	19. M
20. L	20. Þ	20. F	20. S	20. Þ	20. F. Þrúnaumsdagurinn	20. M	20. F. Þrúnaumsdagurinn	20. L	20. L	20. Þ	20. F
21. S	21. M	21. F	21. M	21. M	21. L	21. Þ	21. Þ	21. F. Þrúnaumsdagurinn	21. S	21. M	21. F
22. M	22. F. Leikskóli opnar	22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F	22. L
23. Þ	23. F	23. S	23. M	23. F. Þrúnaumsdagurinn	23. M	23. F	23. F	23. S	23. Þ	23. F	23. S
24. M	24. L	24. M	24. F	24. L. Miklagsgættur / Þrúnaumsdagurinn	24. Þ	24. F	24. F	24. M	24. M	24. L	24. M
25. F	25. S	25. Þ	25. F. Miklagsgættur	25. S	25. L	25. M	25. L	25. Þ	25. F	25. S	25. Þ
26. Þ	26. M	26. F. Miklagsgættur	26. M	26. M	26. F	26. S	26. S	26. M	26. F	26. M	26. M
27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. L	27. Þ	27. M	27. L	27. M	27. F	27. F
28. S	28. M	28. F	28. M	28. M	28. L	28. Þ	28. Þ	28. S	28. S. Þrúnaumsdagurinn	28. F	28. F
29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. M	29. L	29. M. Þrúnaumsdagurinn	29. F	29. L
30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. F	30. M	30. L	30. F	30. S	30. Þ	30. F	30. S
31. M		31. M		31. L. Miklagsgættur	31. Þ	31. F			31. M		31. M

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Fylgiskjal 4 - Viðburðaskrá

F. h. leikskólans

Anna Magnúsdóttir

Melkorka Kjartansdóttir

18.10.2022

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Sunnufold

Þann 14. júní s.l. kom foreldraráð leikskólans Sunnufoldar saman og ræddi fyrirbyggjandi starfsáætlun skólans. Starfsáætlun og skóladagatal leikskólaársins 2022-2023 var kynnt foreldraráði og endurspeglar það starf og þá stefnumótun sem hefur verið í gangi í leikskólanum. Að mati ráðsins ber áætlunin þess merki að faglega sé unnið eftir þeim áætlunum sem skólinn setur fram hverju sinni.

Hvað varðar húsnæðismál þá eru nokkur atriði sem foreldraráðið telur þörf á að bæta úr. Ráðið taldi mikilvægt að bæta úr ástandi skólahúsnæðisins, bæði í Frosta og Loga. Eftir sem áður, og fram kemur í síðustu umsögn ráðsins (2021-2022), þá er mikilvægt að á Álf- og Hulduheima í Frosta verði settur hiti í gólfíð en þetta eru deildir yngstu barnanna. Ráðið telur ótækt að yngstu börnin sitji á óhituðu gólfi allan veturinn. Þá eru fatahengin ansi þröng á þessum deildum og því lítið pláss til að koma fyrir fötum barnanna. Úr þessu mætti bæta. Á síðasta starfsári var komið fyrir skilrúmum á milli salerna barnanna á Tröllheimum, elstu deild barnanna í Frosta og eru meðlimir foreldraráðs ánægðir með það. Það er hins vegar alltaf svigrúm til þess að gera betur og telur ráðið að taka mætti húsnæði bæði Frosta og Loga í yfirhalningu.

Að mati foreldraráðs mætti hefur bílastæðið í Forsta tekið miklum framförum, eftir framkvæmdirnar sl. sumar. Það má auðvitað alltaf gera betur og hefur verið umræða um sleppistæði, þ.e. að á götunni við Frostafold væri hægt að hafa innskot þar sem foreldrar geta lagt á meðan þau skutla börnunum á leikskólann. Stæðin eru oft öll upptekin á háannatíma og þurfa foreldrar þá að bíða á götunni og hefur komið upp að bílum er lagt á grasbalana við gangstéttirnar við Frostafold. Ráðið vonast til að þetta verði skoðað.

Að mati foreldraráðs er hins vegar mikil ánægja með upplýsingaflæði til foreldra. Það má alltaf gera betur og fer það eftir deildum hvað megi bæta hvar. Völu appið virkar vel en nota mætti það meira, t.d. setja inn fleiri myndir af börnunum og í einhverju tilvikum merkja betur inn mat og drykk eftir matmálstíma. Foreldrar eru mjög ánægðir með föstudagspósta sem sendir eru út í lok hverrar viku og upplýsa um hvernig starfið hefur gengið þá vikuna og hvað sé framundan.



Varðandi þann mat sem boðið er upp á þá vill foreldraráð halda áfram að leggja áherslu á að það telji mikilvægt að matur á milli Frosta og Loga sé samræmdur. Aðkeyptur matur býðst börnum á Frosta en börnum á Loga býðst matur sem eldaður er á staðnum. Mikil ánægja er með matinn á Loga en minni með matinn á Frosta. Virðist sem að það vanti oft inn mikilvæga næringabætti eins og t.d. grænmeti og ávexti í matmálstímum á Frosta sem ekki er nógu gott og úr því þurfi að bæta. Ráðið vonast til að fengin verði matráður í Frosta og þannig verði hægt að bjóða upp á mat sem eldaður er á staðnum.

Ráðið ræddi einnig varðandi aðkomu að Loga á veturnar en þar er mikil hálka þegar verst lætur. Hefur því verið umræða um að mikilvægt sé að koma upp snjóbræðslu enda skapast mikil slysaætta í hálkunni. Vonast ráðið til þess að það verði skoðað sem fyrst. Einnig er mikil ójafna á gangstétt meðfram bílastæðum sem mætti skoða nánar.

Þá ræddi foreldraráð einnig um mikilvægi þess að sandurinn í sandkössunum á Frosta og Loga væri hreinn, þ.e. laus við kattarskít. Minnstu börnin leika sér mikið í sandkössunum og auk þess einhver sem borða sandinn. Væri því ráð að fá fæluefni til þess að setja í sandinn eða í rauninni „kattafælusand“ til þess að sporna við þessu vandamáli. Ljóst er að ekki er hægt að loka sandkössunum þegar þeir eru ekki í notkun vegna stærðar þeirra og vonast ráðið til þess að hægt sé að finna lausn á þessu vandamáli.

Ráðið vill koma því á framfæri þökkum og ánægja ríkir hversu viðburðarríkt skólaárið er. Það gerir mikið fyrir börnin að fá að hafa dótadag, litadaga o.s.frv. Það hefur verið mikil ánægja með fyrirkomulagið eins og það er núna.

Meðlimir í foreldraráði eru ánægð markmiðum skólans og telur starfsáætlun og skóladagatal faglega unnið. Námskráin gefur góða mynd af því frábæra starfi sem unnið er á hverjum degi í skólanum.

Fyrir hönd foreldraráðs Sunnufoldar,
Heiður Heimisdóttir og Sunna Hlynisdóttir

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Rut Ágústdóttir
Heiður Heimisdóttir
Olga Dís Þorvaldsdóttir
Sunna Hlynisdóttir
Stefán Þór Winkel Jessen

Fylgiskjal 3

Viðburðarskrá 2022-2023

Þessi viðburðarskrá er ekki tæmandi og við ákveðum fleiri viðburði með stuttum fyrirvara og látum foreldra vita af þeim.

Ágúst

- 9. ágúst, opnum báðar starfstöðvar klukkan 7:30 eftir sumarfrí.
- 9. ágúst Hamingjutímabilið hefst.
- 15. ágúst hefjast aðlaganir nýrra barna.

September

- 8. september Dagur læsis
- 9. september Appelsínugulur dagur
- 13. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Frosta 19:30
- 15. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Loga 19:30
- 16. september Dagur íslenskar náttúru

Október

- 3. október Málrættartímabilið hefst
- 7. október, skipulagsdagur. Leikskólinn er lokaður
- 9. október, afmæli Sunnufoldar, 11 ár frá stofnun.
- 14. október, bleikur dagur
- 27. október, alþjóðlegur bangsadagurinn– Bangsaball.
- 31. október Hrekkjavakan -Börnin mega koma í búningum ef þau vilja.

Nóvember

- 8. nóvember, baráttudagur gegn einelti. Verum góð hvert við annað, það er bannað að stríða og skilja útundan. Ræðum þau mál saman og með börnunum.
- 11. nóvember Hvítur dagur
- 16. nóvember fögnum við *Degi íslenskrar tungu*. Börn úr Foldaskóla koma og lesa fyrir leikskólabörnin.
- 20. nóvember, dagur mannréttinda barna, barnréttinda.
- 25. nóvember, skipulagsdagur. Leikskólinn er lokaður

Desember

- Nánar um desemberdagskrá kemur síðar, m.a. um starf í boði foreldrafélaganna, piparkökumálun og/eða föndur.
- 9. desember, foreldrakaffi.
- 11. desember Stekkjastaur kemur til byggða 
- 12. desember Jólasveinahúfudagur
- 16. desember, jólaball í Loga og Frosta. Nánar auglýst síðar.
- 22. desember, rauður dagur.

Janúar

- 2. janúar Leiktímabilið hefst
- 6. janúar, Þrettándinn, síðasti dagur jóla skv. íslenskri jólah hefð. Gengið frá jólaskrauti og jólin sungin út.
- 13. janúar Fjólublár dagur
- 20. janúar. Bóndadagur og þorralót í Sunnufold. Gamlar matarhefðir sem tengjast þorra og föndur tengt þorranum.

Febrúar

- 6. febrúar, skipulagsdagur
- 6. febrúar, Dagur leikskólans. *Við höfum samtalið við börnin um leikskólann og hvað þau vilja að leikskólinn sé fyrir þau. Matsspurningar sem má nota til umbóta í starfinu ræddar með börnunum.*
- 17. febrúar. Ömmu-og afakaffi
- 20. febrúar Bolludagur. Bolluvendur föndraðir og fiskbollur og rjólabollur borðaðar.
- 21. febrúar Sprengidagur. Saltkjöt og baunir að íslenskri hefð.
- 22. febrúar Öskudagur. Við höfum búningaball og sláum köttinn úr tunnunni

Mars

- 6. mars Sjálfræðistímabil hefst
- 10. mars grænn dagur

Apríl

- 5. apríl Gulur dagur
- Páskaleyfi 6. apríl- 10. apríl
- 18-23. apríl Barnamenningarhátíð í Reykjavík
- 19. apríl, skipulagsdagur. Leikskólinn er lokaður.
- 20. apríl, Sumardagurinn fyrsti. Leikskólinn er lokaður.
- 21. apríl, Skipulagsdagur. Leikskólinn er lokaður.
- 25. apríl Umhverfisdagur

Maí

- 1. maí Baráttudagur verkalýðsins – leikskólinn lokaður
- 5. maí Brúnn dagur
- 10. maí Skipulagsdagur sameiginlegur. Leikskólinn er lokaður.
- 18. maí Uppstigningardagur. Lokað.

- 26. maí Útskrift elstu barnanna
- 29.maí Annar í hvítasunnu. Leikskólinn er lokaður
- 30. maí Skræpóttur dagur

Júní

- Sundnámskeið elstu barna – dagsetning kemur síðar.
- Sumarstarf
- 17. júní. Þjóðhátíðardagur Íslands. Leikskólinn er lokaður.

Júlí

- Sumarlokun verður í 4 vikur. Nánar tilkynnt síðar

Gleðilegt starfsár, starfsfólk Sunnufoldar.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



